

staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 22/1885

Hið opinbera
gegn
Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í lögregludómi Akur-eyrarkaupstaðar 10. apríl þ. á., var Björn prentari og ritstjóri Jónsson dæmdur fyrir að hafa prentað á sjerstöku blaði frumskrá þjóðliðs Íslendinga, án þess að geta þess á blaðinu, hvar blað þetta væri prentað, í 10 kr. sekt, er skyldi renna í fátækra sjóð Akur-eyrarkaupstaðar, eins og líka til að greiða allan málskostnað.

Þessum dómi er bæði að beiðni hins kærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Það er að vísu svo, að hinn ákærði hefur borið í prófi 5. marz þ. á., að hann ekki hafi prentað annað um þjóðlið Íslendinga en það, sem prentað er í blaðinu Fróða, en samt sem áður virðist lögfull sönnun vera komin fram fyrir, að hann hafi prentað eða látíð prenta frumskrá þjóðliðs Íslendinga á sjerstöku blaði, án þess, eins og boðið er í tilskipun

9. maí 1855 1. gr., að setja á blaðið, hvar og af hverjum það sje prentað, því eftir samhljóða framburði tveggja prentsveina hins kærða hefur frumskrá þessi verið prentuð í prentsmiðju hans, bæði í Fróða og á lausu blaði, án þess að þeir gætu borið um, hvort á blaðinu hefði staðið, hvar það væri prentað, og 27. s. m. hefur hinn kærði lýst því yfir, að hann hefði ekkert að athuga við það, sem fram væri komið, eða fram að færa. Hjer við bætist, að hinn kærði í prófinu 5. marz hefur neitað, að svara upp á það, hvort hið framlagða blað — frumskrá þjóðliðs Íslendinga — sje prentað í prentsmiðju hans, eða að gefa nokkra upplýsingu um það. Hinn kærði getur því ekki komizt hjá að sæta sekt samkvæmt 1. gr. nefndrar tilskipunar, og með því hún eftir atvikum þykir hæfilega metin af hjeradsdómaranum, eins og yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hans um málskostnað í hjerði, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hinn kærði, Björn Jónsson, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir

yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Franz Siemensens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 20/1885.

Ólafur Þórðarson
gegn
Thor Jensen.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur 18. desbr. f. á., er Ólafur Þórðarson, verzlunarþjónn hjer í bænum, dæmdur eptir 202. gr. hegningarlaganna fyrir líkamlegt ofbeldi til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 3 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er goldin í ákveðinn tíma, sem og að greiða 12 kr. í málskostnað til sóknaraðila, Thor Jensens verzlunarmanns á Skipaskaga.

Þessum dómi hefur Ólafur Þórðarson áfrýjað til yfirdómsins og krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærum og kröfum Thor Jensens í máli þessu, og að Thor Jensen verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum skaðlaust, eða eptir mati yfirdómsins; en hinn stefndi, Thor Jensen, hefur krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi hefur á bæjarþingi Reykjavíkur undir máli þessu leitt tvö vitni, sem hafa borið, að máls-partarnir hafi verið staddir á veitingahúsi hjer í